



## Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi

### 1. gr.

#### Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

### 2. gr

#### Sorphirðugjald

Sorphirðugjald er innheimt af öllu íbúðarhúsnæði í Flóahreppi samkvæmt skv. gildandi lögum og samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi hverju sinni. Sorphirðugjald miðast við stærð og losunartíðni íláta fyrir heimilisúrgang skv. gildandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi. Þann 1. janúar 2023 taka í gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 sem kalla á flokkun í fjóra flokka ásamt sérsöfnun á grenndarstöðvum fyrir málna, gler og textíl. Fjögur gunnílát eru við heimili: fyrir lífrænan úrgang, almennan úrgang, plast og pappír/pappa.

Möguleikar á ílátum fyrir heimilisúrgang eru eftirfarandi:

| Stærð íláts:                            | Tíðni losana: | Samtals kostnaður: |
|---|---------------|--------------------|
| 140 lítra lífrænn úrgangur              | 15 á ári      | 20.081 kr. á ári   |
| 240 lítra almennur úrgangur             | 13 á ári      | 32.406 kr. á ári   |
| 660 lítra almennur úrgangur             | 13 á ári      | 48.609 kr. á ári   |
| 1100 lítra almennur úrgangur            | 13 á ári      | 72.914 kr. á ári   |
| 360 lítra plast til endurvinnslu        | 7 á ári       | 14.000 kr. á ári   |
| 660 lítra plast til endurvinnslu        | 7 á ári       | 14.000 kr. á ári   |
| 360 lítra pappír/pappi til endurvinnslu | 7 á ári       | 21.490 kr. á ári   |
| 660 lítra pappír/pappi til endurvinnslu | 7 á ári       | 21.490 kr. á ári   |

Óski íbúar eftir stærri eða minni ílátum greiða íbúar fyrir nýtt ílát og umsýslukostnað samkvæmt verðskrá þjónustuaðila. Mikilvægt er að sótt sé um allar breytingar á stærðum hjá skrifstofu Flóahrepps. Íbúar greiða fyrir nýja tunnu en sveitarfélagið tekur gamla tunnu upp í.

### 3. gr.

#### Sorpeyðingargjald og gjaldtaka á söfnunarstöð

Sorpeyðingargjald að upphæð 23.000 kr. er innheimt af öllu húsnæði í Flóahreppi: íbúðar-, frístunda- og atvinnuhúsnæði. Gjaldið tekur til reksturs sorpkerfisins s.s. rekstur grenndar- og söfnunarstöðva ásamt förgunar- og endurvinnsluleiðum. Gjaldið veitir aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fá afhent inneignarkort sem gildir sem aðgangur að söfnunarstöð í Hrísmýri á Selfossi. Nánari útfærslur á fyrirkomulagi inneignar munu fylgja inneignarkorti í janúar 2023.

Á söfnunarstöð er tekið á móti almennu sorpi, grófum úrgangi, málmum, brotajárni, lituðu timbri auk spilliefna, raftækja og öðru sem telst sorp frá heimilum og fyrirtækjum og skal greitt skv. gildandi gjaldskrá fyrir magn umfram inneignarkort.

### 5. gr.

#### Gjalddagar

Gjalddagar sorphirðu- og sorpeyðingargjalda skulu vera þeir sömu og fasteignagjalda og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

### 6. gr.

#### Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Eldri gjaldskrá fellur úr gildi við gildistöku þessarar.

Flóahreppi ?? desember 2022.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri